

Skipulagsstofnun  
Ómar Ingþórsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 19. september 2017  
UST201708-195/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnisnám kalkörungasetts – Ísafjarðardjúp. Ósk um frekari gögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 23. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.


Umhverfisstofnun telur að gera þurfi betur grein fyrir mótvægisáðgerðum, þ.e. hvort raunhæft sé að flytja lag lifandi kalkþörunga og koma þeim fyrir á nýjum stað með þeim hætti að um nægjanlega lifun verði að ræða til að tryggja áframhaldandi myndun kalkþörunga á áður röskuðum svæðum. Stofnunin vill ennfremur benda á að í ljósi þess að kalkþörungaset myndast á árpúsundum eigi að tilgreina aðferðir til að meta árangur mótvægisáðgerða á þeim tíma sem efnisnám stendur yfir þannig að unnt verði að grípa til áðgerða ef mótvægisáðgerðir reynast ekki eins og til er ætlast.

Umhverfisstofnun telur að í ljósi þeirrar vistkerfajónustu sem kalkþörungar inna af hendi þurfi að kanna betur samspil kalkþörunga, botndýralífs og þeirra fiskitegunda sem halda til í og við kalkþörunga.

Umhverfisstofnun telur að þegar upplýsingar um vistkerfajónustu liggur fyrir þurfi að meta hvert þol kalkþörunga sé á hverju svæði og hvaða magn sé talið óhætt að taka á hverju svæði fyrir sig.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
Sérfræðingur